

**Ed. 24. Frumvarp til lánsfjárlaga [24. mál]**  
fyrir árið 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

**I. KAFLI**

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 1 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 3 150 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1987 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 400 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er hitaveitum sveitarfélaga að taka lán á árinu 1987 vegna framkvæmda og skuldbreytingar lána að fjárhæð 350 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Bygðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 750 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 840 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 440 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Herjólfur hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju.

12. gr.

Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 35 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði Breiðafjarðarferju.

13. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–12. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

## II. KAFLI

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 55 000 þús. kr. á árinu 1987.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 22 200 þús. kr. á árinu 1987 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1987.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 4 700 þús. kr. á árinu 1987.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 100 000 þús. kr. á árinu 1987. Jafnframt falla niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra samkvæmt 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1987.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1987.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1987.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilásjóðs eigi fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1987.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979 um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingabjónustu í sveitum falla þær greiðslur niður á árinu 1987 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957 um Menningarsjóð skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 7 900 þús. kr. á árinu 1987.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 428 000 þús. kr. á árinu 1987.

27. gr.

Prátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árunum 1986 og 1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

28. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1987 eigi nema hærri fjárhæð en 722 500 þús. kr.

### III. KAFLI

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina sem endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

30. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

31. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1986.

Jafnframt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að semja við Seðlabanka Íslands fyrir árslok 1986 um skuldbreytingu á umsömdum lánnum ríkissjóðs í bankanum.

32. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1987. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1988 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt þessu frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 er miðað við að afla verði alls 7 464 000 þús. kr. lánsfjár innanlands og 8 280 000 þús. kr. með erlendum lántökum.

Verðbréfa kaup lífeyrissjóða eru veigamesta uppspretta innlendar lánsfjáröflunar. Þau eru áætluð alls 3 480 000 þús. kr. á árinu 1987. Þá er ráðgert að afla ríkissjóði 1 500 000 þús. kr. með sölu spariskírteina og verðbréfa kaup banka eru ráðgerð fyrir alls 2 050 000 þús. kr. á árinu 1987. Þá er og miðað við að lánastofnanir afli 434 000 þús. kr. með innlendum lántökum.

Af erlendum lántökum renna 2 550 000 þús. kr. til opinberra aðila, 2 230 000 þús. kr. til lánastofnana og 3 500 000 þús. kr. til atvinnufyrirtækja. Afborganir af löngum erlendum lánum eru áætlaðar alls 6 750 000 þús. kr. Hreinar erlendar lántökur eru því áætlaðar alls 1 530 000 þús. kr.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga er gert ráð fyrir að nýjar skuldbindingar ríkissjóðs á árinu 1987 nemi alls 7 990 000 þús. kr., þar af eru 4 850 000 þús. kr. vegna beinnar lántöku ríkissjóðs og 3 140 000 þús. kr. vegna veittra ríkisábyrgða fyrir lántökum ýmissa aðila.

#### Um 1. gr.

Heildarlántökur ríkissjóðs verða 4 850 000 þús. kr. á árinu 1987. Sótt er um heimild til að afla 3 150 000 þús. kr. innanlands, þar af 1 650 000 þús. kr. með sölu verðbréfa til innlánsstofnana og 1 500 000 þús. kr. með sölu nýrra spariskírteina. Áætluð innlausn eldri spariskírteina nemur 1 000 000 þús. kr. Hrein fjáröflun með spariskírteinum er því áætluð 500 000 þús. kr. á árinu 1987. Þá er ráðgert að ný erlend lán nemi 1 700 000 þús. kr. en afborganir af erlendum lánum ríkissjóðs eru taldar nema 1 300 000 þús. kr. á árinu 1987.

#### Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringar.

#### Um 3. gr.

Ráðgerðar framkvæmdir Landsvirkjunar nema 550 000 þús. kr. á árinu 1987. Miðað er við að fyrirtækið skili 150 000 þús. kr. úr eigin rekstri til framkvæmda og fái að auki heimild til 400 000 þús. kr. erlendar lántöku. Við þessar lántökur skal gætt ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 um fyrirtækið, en þar segir: „Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstóli (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila.“

Af hálfu ríkisins þurfa iðnaðar- og fjármálaráðherra að staðfesta slíkt samþykki.“

Framkvæmdir á vegum fyrirtækisins verða einkum við jarðgangagerð og byggingu stöðvarhúss við Blöndu í samræmi við gildandi verksamninga. Gert er ráð fyrir að Blönduvirkjun verði tekin í notkun á árinu 1991.

#### Um 4. gr.

Próunarfélagi Íslands hf. er ætluð 100 000 þús. kr. lántökuheimild á árinu 1987. Áætluð lántaka félagsins í ár nemur 190 000 þús. kr. og er það út á óráðstafaða heimild þess frá árinu 1985. Með lögum nr. 3/1986 var felld niður 100 000 þús. kr. lántökuheimild félagsins í lánsfjárlögum 1986. Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 000 þús. kr. Miðað við framangreind lántökuáform verður búið að nýta 380 000 þús. kr. af þessum heimildum í árslok 1987.

#### Um 5. gr.

Á undanförunum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Margar þessara veitna eiga í miklum rekstrarerfiðleikum. Fyrirliggjandi upplýsingar um fjármál þessara fyrirtækja eru í mörgum tilvikum ónógar. Því er ekki gerð tillaga um skiptingu veittra ábyrgða til einstakra veitna. Áður en heimild til ríkisábyrgðar verður veitt þarf að skoða fjármál fyrirtækjanna. Gengið er út frá því að erlendar lántökur hitaveitna sveitarfélaga nemi eigi hærri fjárhæð en 350 000 þús. kr. á árinu 1987 og er sú fjárhæð óskipt að svo stöddu.

Um 6. gr.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands eru fyrirhugaðar alls 664 000 þús. kr. á árinu 1987. Ráðgert er fjármagna þær með 100 000 þús. kr. af eigin fé, 400 000 þús. kr. verði aflað með verðbréfakaupum bankakerfis og 64 000 þús. kr. með annarri innlendri fjáröflun. Að auki er sótt um heimild til 100 000 þús. kr. erlendar lántöku samkvæmt þessari grein.

Um 7. gr.

Lánsfjárbörf Bygðastofnunar nemur alls 750 000 þús. kr. á árinu 1987 og er ráðgert að mæta henni með erlendum lántökum. Erlend lántaka vegna almennra lánveitinga nemur 300 000 þús. kr. og getur stofnunin þá veitt lán og styrki í þeim flokki að fjárhæð 480 000 þús. kr. samkvæmt lánsfjáráætlun 1987. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin taki að láni 150 000 þús. kr. vegna innlands skipasmíðaiðnaðar. Að lokum var ákveðið á árinu 1986 að veita fiskvinnslufyrirtækjum 300 000 þús. kr. fyrirgreiðslu vegna rekstrarerfiðleika. Seðlabanki féllst á tímabundna fjármögnun þar til heimildar yrði aflað til erlendar lántöku. Óvíst er hve stór hluti kemur til greiðslu fyrir áramót en með þessari grein er sótt um heimild til lántökunnar. Útlán stofnunarinnar gætu því numið alls 930 000 þús. kr. á árinu 1987.

Um 8. gr.

Greiðsluhalli Fiskveiðasjóðs verður mjög mikill á árinu 1987. Sjóðurinn áætlar að rekstrar- og fjármagnshreyfingar verði neikvæðar um 960 000 þús. kr. Hugsanlega má lækka þann halla með lökkun sjóðsinnstæðu um 50 000 þús. kr. og sé ekki reiknað með neinum vaxtaafslætti, engum skuldbreytingum á lánum og engri aukningu á vanskilum á árinu 1987 má hugsanlega auka innheimtu af lánum um 260 000 þús. kr. Eigin fjármögnun sjóðsins yrði þá neikvæð um 650 000 þús. kr. Greiðsluhalli sjóðsins yrði sama fjárhæð þar sem með nýjum lögum um útflutningsgjald falla nú niður tekjur sjóðsins af FOB-verði útfluttra sjávarafurða. Til að fjármagna fyrrgreindan greiðsluhalla er áætlað að sjóðurinn taki erlent lán að fjárhæð 520 000 þús. kr. og afli lánsfjár innanlands að fjárhæð 130 000 þús. kr. Útlán Fiskveiðasjóðs 1987 eru áætluð 400 000 þús. kr. í beinar lánveitingar. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir neinum lánveitingum í áætlun Fiskveiðasjóðs vegna raðsmíðaverkefna eða annarrar nýsmíði fiskiskipa né heldur nokkurs innflutnings á fiskiskipum. Þá skal einnig á það bent að ekki er gert ráð fyrir neinum lánveitingum til fiskeldis þrátt fyrir heimild Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum nr. 72/1985.

Um 9. gr.

Heildarlánveitingar Iðnþróunarsjóðs á árinu 1987 eru áætlaðar 300 000 þús. kr. Fyrirhugað er að lánveitingum sjóðsins verði mætt með 200 000 þús. kr. af eigin ráðstöfunarfé hans og jafnframt að hann fái heimild til 100 000 þús. kr. erlendar lántöku.

Um 10. gr.

Fyrirhugaðar lánveitingar Iðnlánasjóðs á árinu 1987 nema um 597 000 þús. kr. Erlend lántaka sjóðsins nemur 440 000 þús. kr. Þá er ráðgert að sjóðurinn afli 110 000 þús. kr. á innlendum lánsfjármarkaði og 47 000 þús. kr. af eigin ráðstöfunarfé.

Um 11. gr.

Núverandi ferja Herjólfss hf. er 10 ára gömul og uppfyllir ekki nútímakröfur sem gerðar eru til slíkra skipa. Að undanfögnu hefur verið hafin könnun á smíði hentugar ferju sem gæti annað auknum flutningum.

Um 12. gr.

Hinn 28. júlí 1983 var nefnd skipuð til að hafa umsjón með smíði nýs flóabáts fyrir Breiðafjarðarsvæðið. Nefndin hefur skilað greinargerð um störf sín og hefur Skipatækni hf. lokið hönnun á nýjum báti. Ráðgert er að hefja smíði ferjunnar á næsta ári og er miðað við að veitt verði lántökuheimild til þess að fjárhæð 35 000 þús. kr. á árinu 1987.

Um 13. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 14.–27. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987, um skerðingu lögboðinna framlaga, er nauðsynlegt að ákvæðum hlutaðeigandi laga sé breytt.

Um 28. gr.

Skil ríkissjóðs á tekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru lækkuð sérstaklega um 130 000 þús. kr. til viðbótar 177 000 þús. kr. skerðingu á lögbundnum skilum en sambærileg skerðing hefur gilt um tveggja ára skeið. Viðbótarlækkun þessi er til bráðabirgða og mun standa þar til stjórnvöld og samtök sveitarfélaga hafa tekið ákvörðun um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Nú eru starfandi nefndir sem um þetta fjalla og er þess vænst að þær skili álit á næstu vikum þannig að fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 verði ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu. Menntamálaráðherra hefur lagt til að akstur skólabarna á grunnskólastigi og ýmis annar kostnaður, er tengist starfi grunnskóla, færist til sveitarfélaganna.

Um 29. og 30. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftatíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftatíma. Þó er í 29. gr. heimild fyrir ríkissjóð að færa sér í nyt hagstæðari kjör á erlendum lánsfjármörkuðum til að greiða upp eldri lán.

Frá og með árinu 1984 var tekin upp sú nýbreytni á kjörum spariskírteina að í þeim eru ákvæði um gagnkvæman uppsagnarrétt beggja aðila að binditíma liðnum. Fyrsti flokkur þessara skírteina verða innleysanlegir á árinu 1987.

Um 31. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er gerð grein fyrir horfum um afkomu ríkissjóðs á árinu 1986. Þar kemur fram að um nokkru meiri halla er að ræða en gert er ráð fyrir í endurskoðuðum fjárlögum samkvæmt lögum nr. 3/1986. Þannig er útlit fyrir 700 000 þús. kr. viðbótarhalla. Með þessari grein er sótt um heimild fyrir fjármálaráðherra að taka erlent lán til að mæta þessari auknu fjárþörf. Þá er sótt um heimild til að skuldbreyta umsömdum lánum ríkissjóðs í Seðlabankanum til að létta á afborgunum á árinu 1987. Þessar skuldir nema nú um 2 200 000 þús. kr. og miðað við núverandi lánskjör nema afborganir um 45% af skuldinni árið 1987 og um 35% á árinu 1988. Áætlunin miðar við að skuldbreyta lánunum þannig að ekki komi til afborgana á árinu 1987.

Um 32. gr.

Í álit meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar Alþingis við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1986 lagði nefndin til að meðferð ríkisábyrgða yrði endurskoðuð. Í nefndarálitinu segir orðrétt:

„Meiri hl. vill vekja athygli á nauðsyn þess að nýrri verklagsreglu verði fylgt við gerð og framkvæmd lánsfjárlaga í framtíðinni. Samkvæmt henni gilda lánsfjárheimildir einungis á hlutaðeigandi fjárhagsári og færast ekki sjálfkrafa milli ára án sérstakrar umfjöllunar. Þetta á þó ekki við um lántökuheimildir sem veittar eru í sérlögum.“

Enn fremur segir:

„Til að koma festu á þessi mál þarf því að koma upp ákveðinni vinnureglu varðandi gildistíma lántökuheimilda í lánsfjárlögum. Meiri hl. telur nausynlegt að í lánsfjárlögum hverju sinni (sbr. lög nr. 84/1985, 13. gr.) verði sett inn sérstök grein sem kveði á um að þær heimildir, sem þar komi fram, gildi einungis innan fjárlagaársins. Jafnframt er lagt til að farið sé með ónýttar heimildir eins og gert er með fjárveitingar til stofnkostnaðar, að hægt sé að sækja sérstaklega um geymslu, eða m.ö.o. að flytja heimildir milli ára. Beiðni um geymslu lántökuheimilda þyrfti að hafa borist Fjárlaga- og hagsýslustofnun eigi síðar en 15. nóvember þess árs sem heimildin er veitt samkvæmt lánsfjárlögum.“

Með ákvæði þessarar greinar frumvarpsins er fylgt tilmælum samkvæmt nefndarálitni meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1987 miðar við að veittar verði sjálfskuldarábyrgðir fyrir erlendum lántökum að fjárhæð alls 3 140 000 þús. kr. og skiptast þær þannig:

#### Veittar ríkisábyrgðir 1987.

<b>1. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs</b> .....	<b>500</b>
Landsvirkjun .....	400
Próunarfélag Íslands hf. ....	100
<b>2. Sveitarfélög</b> .....	<b>350</b>
<b>3. Lánastofnanir</b> .....	<b>2.230</b>
Framkvæmdasjóður Íslands .....	100
Fiskveiðasjóður .....	840
Byggðastofnun .....	750
Iðnlánasjóður .....	440
Iðnþróunarsjóður .....	100
<b>4. Atvinnufyrirtæki</b> .....	<b>60</b>
Baldur hf., Stykkishólmi .....	35
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum .....	25
<b>5. Samtals (1+...+4)</b> .....	<b>3.140</b>



## Fylgiskjal I.

### Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1986 og 1987

	Lánsfjár- lög 1986 sbr. lög nr. 3/1986	Láns- fjár- áætlun 1987
<b>1. Ríkissjóður, A-hluti</b> .....	<b>6.125</b>	<b>4.850</b>
Par af endurlánað til B-hluta .....	960	1.370
Byggingarsjóður ríkisins .....	150	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	400	750
RARÍK, almennar framkvæmdir .....	90	100
Orkusjóður .....	20	-
Flugstöð á Keflavíkurlflugvelli .....	300	520
<b>2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs</b> .....	<b>560</b>	<b>500</b>
Landsvirkjun .....	540	400
Orkubú Vestfjarða .....	20	-
Próunarfélag Íslands hf. ....	-	100
<b>3. Sveitarfélög</b> .....	<b>130</b>	<b>350</b>
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness .....	60	.
Hitaveita Akureyrar .....	40	.
Fjarhitun Vestmannaeyja .....	10	.
Hitaveita Egilsstaða og Fella .....	6	.
Hitaveita Reykjahlíðar .....	6	.
Aðrar hitaveitur .....	8	.
<b>4. Ráðstöfun (1+ 2+3) = Fjáröflun (5+6)</b> .....	<b>6.815</b>	<b>5.700</b>
<b>5. Innlend fjáröflun</b> .....	<b>3.575</b>	<b>3.150</b>
Útgáfa spariskirteina .....	2.100	1.500
Verðbréfakaup lífeyrissjóða .....	625	-
Verðbréfakaup bankakerfis .....	850	1.650
<b>6. Erlendar lántökur</b> .....	<b>3.240</b>	<b>2.550</b>
Ríkissjóður .....	2.550	1.700
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs .....	560	500
Sveitarfélög .....	130	350

**Fylgiskjal II.**

**Tafla 18 Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987**  
(M. kr.)

Upprunalegir lántakar	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankanna	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend fjáröflun	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
<b>I Opinberir aðilar</b> .....	<b>1 500</b>	<b>1 650</b>	—	—	<b>3 150</b>	<b>2 550</b>	<b>5 700</b>
Ríkissjóður, A-hluti .....	1 500	1 650	—	—	3 150	1 700	4 850
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissj. Sveitarfélög .....	—	—	—	—	—	500	500
	—	—	—	—	—	350	350
<b>II Húsbyggingarsjóðir</b> .....	—	—	<b>3 440</b>	<b>50</b>	<b>3 490</b>	—	<b>3 490</b>
Byggingarsjóður ríkisins .....	—	—	3 000	50	3 050	—	3 050
Byggingarsjóður verkamanna ..	—	—	440	—	440	—	440
<b>III Lánastofnanir</b> .....	—	<b>400</b>	<b>40</b>	<b>384</b>	<b>824</b>	<b>2 230</b>	<b>3 054</b>
Framkvæmdasjóður .....	—	400	—	64	464	100	564
Fiskveiðasjóður v/gr.halla .....	—	—	—	130	130	520	650
Fiskveiðasjóður v/útlána .....	—	—	—	80	80	320	400
Stofnlánadeild landbúnaðarins ..	—	—	40	—	40	—	40
Iðnlánasjóður .....	—	—	—	110	110	440	550
Iðnþróunarsjóður .....	—	—	—	—	—	100	100
Bygðastofnun v/alm. lánveit. .	—	—	—	—	—	300	300
Bygðastofnun v/skipaiðn. ....	—	—	—	—	—	150	150
Bygðastofnun v/fiskvinnslust. .	—	—	—	—	—	300	300
<b>IV Atvinnufyrirtæki, ósundurliðað</b> ..	—	—	—	—	—	<b>3 500</b>	<b>3 500</b>
<b>Heildarfjárförf (I—IV)</b> .....	<b>1 500</b>	<b>2 050</b>	<b>3 480</b>	<b>434</b>	<b>7 464</b>	<b>8 280</b>	<b>15 744</b>

Löng erlend lán og afborganir 1987

	Opinberir aðilar	Lánastofnanir	Atvinnuvegir	Samtals
Ný lán .....	2 550	2 230	3 500	8 280
– Afborganir .....	–2 930	–720	–3 100	–6 750
Lántökur, nettó .....	–380	1 510	400	1 530

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.